FÓLK Í LISTUM

Á Ásgrímur J.

Þessu lýsir sá fjölmenntaði listamaður Hjörleifur Sigurðsson í sýningarskrá þegar hann segir á þessa leið:

„Mörgum hefur reynzt torvelt viðfangsefni að skilgreina verk Ásgríms Jónssonar. Hann er einn helzti frumkvöðull nútímalistar á Íslandi, sótti uppistöðu mynda sinna til stórbrotinnar náttúru landsins, færði þjóðsögur okkar í nýjan og spennandi búning og blandaði straumum evrópskar menningar saman við reynslu sína. En þessi vitneskja segir næsta lítið um afrek málarans og forsendur þeirra.

Þegar ég varð heimagangur í kjallara Ásgrímssafns fyrir nokkrum árum veitti ég því athygli, að sérhver mynd — lítil eða stór — lifði óvenjulega sjálfstæðu lífi. Hún var ekki aðeins númer í röðinni. Þetta gat varla hafa sprottið af því, að málarinn gældi sí og æ við nýjar aðferðir eða fyrirmyndir, öðru nær. Ásgrími dugðu fjöllin og uppblásturinn við Húsafell í Borgarfirði, strýturnar og balarnir í Svarfaðardal, mosagjárnar og vatnsflöturinn á Þingvelli einstaklega vel og lengi með nokkrum innskotum".

Við þetta er litlu að bæta.



Mjaðveig Mánadóttir

Hin mikla gjöf Ásgríms

Á þessari sýningu eru einvörðungu myndir, sem málarinn ánafnaði íslenzku þjóðinni eftir andlát sitt, og verið hafa í húsi hans við Bergstaðastræti, svo og gjafir sem safninu hafa borizt. Um réttmæti þess má deila, hvort fleira hefði mátt taka með. Þó er það nokkurs virði, að fá að sjá alla hina miklu gjöf og berja hana augum, gera eins konar eignakönnun fyrir almenning, en nóg um það. Þetta er mikil sýning og merkileg og eiga þeir, sem að henni stóðu, þakkir skilið.

Hér hefur verið stiklað á stóru um listaverk þau sem eru á sýningunni. Að lokum verður þá að minna rækilega á þá staðreynd, að þarna er auðvitað aðeins að finna hluta af lífsverki málarans. Menn geta í það óendanlega deilt um, hvað beri að taka með á sýningu — og hvað ekki. Ekki er unnt að krefjast þess, að myndir í einkaeign séu sýndar á opinberum sýningum. Það sem mestu ræður er það hvaða sjónarmið sýningarnefnd — eða sýningin — á að hafa. Sú skoðun á vafalaust rétt á sér, að allar myndir málarans séu jafn réttháar. Það er útaf fyrir sig fróðlegt líka, að fá að sjá tilraunir, bæði þær sem heppnast og eins líka þær sem misheppnast. Að gefa mynd af lífsverki málarans með ströngu úrtaki er í raun og veru það sama og að gefa ranga mynd, „glansmynd". Mér persónulega finnst að vatnslitamyndir hans séu ef til vill það bezta sem hann gerði. A.mk. munu fáir leika það eftir honum að mála slíkar myndir. Einkanlega á ég við eldri myndirnar, hinar nýrri eru „venjulegri" og tilviljanakenndari, en það er önnur saga. Líklega verða menn aldrei sammála til fulls um það hvað taka á með og hverju ber að hafna.

Ásgrímssafn. Eru sérsöfn rétta leiðin?

Að lokum þetta. Eftir dauða Ásgríms Jónssonar var hús hans gert að safni þar sem myndir hans eru almenningi til sýnis. Þetta safn gefur tilefni til hugleiðinga. Sumum, þar á meðal mér, er það til efs að það sé rétt stefna, að gera hús málara að safni eftir að þeir eru allir. Slík söfn gera í rauninni ósköp lítið gagn umfram önnur listasöfn. Að vísu hefur frú Bjarnveig Bjarnadóttir unnið ómetanlegt starf fyrir listaverk Ásgríms Jónssonar, en það sama hefði hún getað gert t.d. í Listasafni Íslands. Það er fyrst og fremst af hagkvæmnisástæðum sem mér finnst hugmyndin um sérstöðu í sérstökum húsum í rauninni vera fjarstæða. Jafnvel Thorvaldsenssafnið í Kaupmannahöfn megnar ekki að gegna því hlutverki sem því var ætlað. Þar var a.m.k. um tíma atvinnuleysiskontór, þar sem atvinnuleysingjar komu til skráningar, en síðan að þeir fengu annan kontór hefur verið mjög hljótt í safninu, og þar slæðist inn ein og ein hræða meðan önnur söfn búa við ágæta aðsókn.

Ég teldi það framtíðarverkefni fyrir Listasafnið nýja, að þar yrði búið um Ásgrím Jónsson og aðra merka frumherja í sérstökum sölum, þar sem verk þeirra og ævi væri kynnt.

Ég vona að enginn skilji þessi orð mín sem árás á Ásgrímssafn, en mér lízt bara ekki á blikuna, ef það á að verða framtíðarstefna að gera hús allra málara, sem viðurkenningar hafa notið, að söfnum, — allt á að vera á einum stað m.a. til samanburðar. Svo má við og við efna til sérstakra stórsýninga á verkum þeirra, þegar merkileg tilefni gefast. Þess í milli má gefa út um þá bækur, þar sem sagt er frá ævi þeirra og kjörum og birtar eru litmyndir af merkilegum verkum þeirra, almenningi til fróðleiks og glöggvunar.

Jónas Guðmundsson


FÓLK Í LISTUM

Plastos hf
er nú flutt á
sinn stað
GRENSÁSVEG 5-7
sama góða vöruvalið
sama góða þjónustan
NÝIR OG GAMLIR VIÐSKIPTAVINIR,
VERIÐ VELKOMNIR Á GRENSÁSVEG!
Plastos hf
Oddur Sigurðsson,
sími 82655
FETI FRAMAR

Auglýsið í Tímanum

Trabant
Pétur Sigurðsson
forstjóri
Landhelgisgæzlunnar
segir:
„Ég hef átt Trabant
bifreið frá 1967
og aðra frá 1974.
Að mínu áliti er Trabant ein bezta
smábifreið, sem ég hef ekið."





Vorum að fá sendingu
af Trabant-bifreiðum
VERÐ KR. 525.000
Innifalið í verði:
Ryðvörn og frágangur
Verð til öryrkja: Fólksbifreið kr. 364.000.
Lán kr. 150.000. Útborgun kr. 214.000.
TRABANT UMBOÐIÐ
INGVAR HELGASON
Vonarlandi v/Sogaveg, símar 84510 og 84510